

Fundargerð 142. fundar Fræðslusjóðs
þriðjudaginn 3. júní 2025 kl. 13:00-14:30
Fundurinn er fjarfundur.

Mætt: Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins., Margrét Sigurðardóttir, Karl Rúnar Þórsson.

Gestir: Gunnar Þorvarðarson, löggiltur endurskoðandi Deloitte. Svava Dís Guðmundsdóttir sérfræðingur hjá Deloitte.

Fríða Rós Valdimarsdóttir, úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt milli funda.

2. Ársreikningur Fræðslusjóðs fyrir starfsárið 2024 (fskj. 02 Ársreikningur Fræðslusjóðs 2024)

Afgreiðsla: Svava Dís Guðmundsdóttir hjá Deloitte fór yfir ársreikninginn. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu endurskoðenda.

Var ársreikningurinn samþykktur án athugasemda stjórnar. Verður hann undirritaður rafrænt.

3. Úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna 2025

Afgreiðsla. Fulltrúi úthlutunarnefndar, Fríða Rós Valdimarsdóttir, fór yfir tillögu nefndarinnar að úthlutun 2025. Alls bárust 29 umsóknir, samtals að upphæð 99.083.189. Til úthlutunar voru 38.000.000. Lagt var til að veita til 13 verkefna samtals 36.570.000.

Var tillagan samþykkt. Starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar mun upplýsa umsækjendur um afgreiðsluna og ganga frá samningum við styrkþega.

Umsókn nr.	Umsækjandi (ábyrgðaraðili)	Heiti verkefnis	Forgangssvið	Tillaga
4	Hinrik Carl Ellertsson	Rekstur í eldhúsinu: Hagnýtt og stafrænt námsefni um kostnað, rýrnun og rekstur fyrir starfsfólk í matargeiranum	Gervigreind	2,970,000
5	Þekkingarnet Þingeyinga	Námskrá starfsþjálfara byggð á reynslu innflytjenda	Starfsþjálfari	3,300,000
7	Farskólinn - Miðstöð símenntunnar á Norðurlandi vestra	Gervigreind í atvinnulífinu - námskrá fyrir starfsfólk á vinnumarkaði	Gervigreind	3,300,000
10	Þekkingarnet Þingeyinga	Hagnýt gervigreind í daglegum störfum	Gervigreind	2,880,000
12	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Skref fyrir skref. Fyrsta skref í námi fyrir ungmenni af erlendum uppruna - með áherslu á sjálfstyrkingu og samfélagslega þátttöku	Samfella	2,970,000
14	Íðan fræðslusetur	Námsefni um vistvænar byggingar	Græn umskipti	2,950,000
21	Farskólinn - Miðstöð símenntunnar á Norðurlandi vestra	Námskeið í endurnýtingu textílúrgangs - námskrá og kennsluáætlun	Græn umskipti	2,500,000
22	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Gervigreind í þjónustu við fjölbreyttan vinnumarkað - námskrá	Gervigreind	2,700,000
23	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Valdefling arabískra kvenna á Suðurnesjum	Samfella	2,970,000
25	Dósaverksmiðjan	Virgni	Samfella	2,970,000
27	Atlas Primer ehf.	Gagnvirk og inngildandi fræðsla um hagnýtingu gervigreindar á vinnumarkaði með Atlas Primer	Gervigreind	2,970,000
28	Ísponica ehf	Full Circle: Rethinking Waste in Aquaculture	Græn umskipti	1,140,000
29	Sigríður Rósa Bjarnadóttir	Græn Framtíð - Skapandi lausnir	Græn umskipti	2,950,000
				36,570,000

4. Ársskýrsla Fræðslusjóðs 2025

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóri FA fór yfir helstu atriði í ársskýrslunni, en skýrslan hafið áður verið send stjórnarmönnum til kynningar. Ekki komu fram athugasemdir og var skýrslan samþykkt. Skýrslan verður birt á vef FA.

5. Önnur mál

a. Raunfærnimat; Sjúkraliðabraut – Fundur hjá FA 26. maí.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóri FA fór yfir niðurstöðu fundarins, en þar var fallist á að fjölga áföngum til mats úr sex í fimmtán.

b. Næsti fundur 5. ágúst. Fresta til 12. ágúst.

Staðfundur hjá FA. Tími 12:00 – 16. Heimsókn ÍÐAN og Mímir.

Afgreiðsla: Samþykkt að færa fundinn til 12. ágúst. Stefnt að því að fundurinn verði haldin hjá FA, en ekki sem fjarfundur. Að fundi loknum verði farið í heimsókn til eins til tveggja framhaldfræðsluaðila á höfuðborgarsvæðinu. Formaður, ásamt starfsfólki FA vinni að því að skipuleggja heimsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.